Alþingi 25.4.2017
Málsnr. 1702219
Málalykill 0.34.2

8. apríl 2017.

Til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík.

Vegna þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi um fræðastofnun á Hrauni í Öxnadal og tengd skuli minningu og starfi Jónasar Hallgrímssonar náttúrufræðings og skálds, vil ég undirritaður hvetja til samþykktar hennar og jafnframt stuðla að því að nefndri stofnun verði komið á fót.

Svo getur virzt sem þekking og tilfinning yngri kynslóða landsins fyrir skáldinu og náttúrufræðingnum Jónasi Hallgrímssyni fari nokkuð dvínandi, líkt og fyrir öðrum skáldum og vísindamönnum fyrri tíðar. Því væri mikils um vert að á fæðingarstað hans verði komið á fót fræðslustofnun þar sem lífi og starfi Jónasar yrðu gerð skil í máli og myndum og með kynningu um náttúru og umhverfi Hrauns, þar sem er stórbrotið land og þekktir sögustaðir.

Með glöggum frásagnartextum og myndum af stöðum á landinu, sem tengjast ferðum Jónasar og sem hann yrkir um eða fjallar um í vísindaritum, mætti gera þeim sem lítt þekkja hann glögga grein fyrir lífiferli hans og starfi.

Í Ættfræðistofunni ORG er að finna mesta ættfræðisafn landsins tölvuskráð og þar eru ættir Jónasar allar skráðar aftur eftir öldum. Hann var af hinni kunnu Hvassafellsætt, sem rakin er frá Tómasi Tómassyni bónda í Hvassafelli í Eyjafirði og Rannveigu Gamalíelsdóttur konu hans, sem bæði voru fædd árið 1705 og létust 1782 og 1767. Stór hluti

Norðlendinga er af þeirri ætt og hefur hún dreifzt víðs vegar um landið, en nú eru skráðir 61.047 afkomendur þeirra hjóna í ættfræðigrunn ÖRG. Má rekja inn í ættina marga þekkta Íslendinga nútíðar sem hafa unnið að fræða- og menningarstörfum. Væri því mikils um vert að gera þeirri ætt viðeigandi skil bæði með skýringarmyndum og fræðiritum. Allar þær ættfræðiupplýsingar er að finna hjá Ættfræðiþjónustunni ÖRG sem er reiðubúin að vinna að eflingu þessarar fyrirhuguðu stofnunar.

Væntanlega munu margir leggja leið sína að Hrauni í framtíðinni og er hvað brýnast að skólanemum verði beint þangað og kynning jafnframt við þeirra hæfi.

Svo vill til að stofnendur ÖRG eru afkomendur þeirra Tómasar og Rannveigar í Hvassafelli, en margir afkomendur þeirra hafa unnið að menningar- og fræðastörfum.

Tvær ungar konur af Hvassafellsætt eru þeirra á meðal, önnur er arkitekt en hin er við rannsóknir í þjóðfræði og hafa þær báðar áhuga á að leggja þessu máli lið.

Nefndarmenn í Allsherjar- og menntamálanefnd eru jafnframt hvattir til að kynna sér starfsemi Ættfræðiþjónustunnar ÖRG á vefsíðunni www.simnet.is/org, eða með heimsókn þangað í hús ÍTR við Skeljanes í Skerjafirði

Virðingarfyllst

Oddur Helgason